# Föstudagur 22. september

## SJÓNVARPIÐ

17.50 **Gosi** (Pinocchio). Teiknimyndaflokkur um ævintýri Gosa. Þýðandi Jóhanna Þráinsdóttir. Leikraddir Örn Árnason.
18.25 **Antilópan snýr aftur.** (Return of the Antilope). Breskur myndaflokkur fyrir börn og unglinga um tvö börn og vini þeirra, hina smávöxnu putalinga. Þýðandi Sigurgeir Steingrímsson.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Yngismær** (Sinha Moa). Nýr brasilískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Sonja Diego.
19.20 **Austurbæingar** (Eastenders). Breskur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Kristmann Eiðsson.
20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Fiðringur.** Þáttur fyrir ungt fólk tekinn upp á Akureyri. Umsjón Bryndís Jónsdóttir.
21.00 **Peter Strohm** (Peter Strohm). Þýskur sakamálamyndaflokkur með Klaus Löwitsch í titilhlutverki. Þýðandi Jóhanna Þráinsdóttir.
21.45 **Eyjan græna.** Sjónvarpsmenn heimsóttu frændur okkar á Írlandi í sumar. Umsjón Ævar Kjartansson og Ólafur Þórðarson.
22.15 **Drottning tískunnar** (Chanel Solitarie). Frönsk/bandarísk bíómynd frá 1981. Leikstjóri George Kaczender. Aðalhlutverk Marie-France Pisier, Timothy Dalton, Rutger Hauer og Karen Black. Myndin lýsir ævi tískudrottningarinnar Coco Chanel sem ólst upp á munaðarleysingjaheimili og byggði síðar upp veldi sitt sem enn í dag er eitt það stærsta í tískuheiminum. Þýðandi Ólöf Pétursdóttir.
00.10 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

15.35 **Selkirk-skólinn.** Class of Miss MacMichael. Fröken MacMichael er áhugasamur kennari við skóla fyrir vandræðaunglinga, hið sama verður ekki sagt um skólastjórann enda lendir þeim illilega saman. Aðalhlutverk: Glenda Jackson, Oliver Reed og Michael Murphy.
17.05 **Santa Barbara.**
17.50 **Dvergurinn Davíð.** Teiknimynd sem gerð er eftir bókinni Dvergar.
18.20 **Sumo-glíman.** Sumo-glíman er að verða meðal vinsælla sjónvarpsefnis og er talið að þessir holdmiklu keppendur séu meðal hæst launuðu íþróttamanna í heiminum í dag. Í þessum þáttum verður spjallað við þessa íþróttamenn og gerð grein fyrir uppruna og sögu sumo-glímunnar, einnig fylgjumst við með viðureign þeirra í keppni.
18.45 **Heiti potturinn.** On the Live Side. Djass, blús og rokktónlist er það sem Heiti potturinn snýst um. Í þessum þætti kynnir Ben Sidran þá Corky Siegel og Geoff Muldaur sem báðir flytja lög eftir sjálfa sig og David Bromberg sem flytur lag eftir John Prine.
19.19 **19:19.** Fréttir og fréttaskýringaþáttur ásamt umfjöllun um þau málefni sem ofarlega eru á baugi.
20.30 **Geimálfurinn Alf.** Gamanmyndaflokkur um loðna geimálfinn og uppátektasemi hans heima hjá fósturforeldrum sínum. Aðalhlutverk: Alf, Max Wright, Anne Schedeen, Andrea Elson og Benji Gregory.
20.55 **Sitt lítið af hverju.** A Bit of a Do. Breskur gamanmyndaflokkur í sex þáttum. Fyrsti þáttur. Hér er á gamansaman hátt tekið á viðkvæmu máli Breta, þ.e. hinni margumtöluðu stéttaskiptingu þjóðfélagsins. Hver þáttur er um klukkustundar langur og er í hverjum þætti ein fjölskylda tekin og gert að henni stólpagrín.
23.20 **Alfred Hitchcock.** Bandarískir sakamálaþættir sem gerðir eru í anda meistara hrollvekjunnar.
23.50 **Á tvennum tímum.** Time after Time. **Bönnuð börnum.**
1.40 **Furðusögur II.** Amazing Stories II.
2.50 **Dagskrárlok.**

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Örn Bárður Jónsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið** með Sólveigu Thorarensen. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Fréttir á ensku að loknu fréttayfirliti kl. 7.30. Lesið úr forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30. 9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn:** Júlíus Blom veit sínu viti eftir Bo Carpelan. Gunnar Stefánsson les þýðingu sína (19). (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur.
9.30 **Landpósturinn** – Frá Austurlandi. Umsjón Haraldur Bjarnason.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Aldarbragur.** Umsjón Helga Guðrún Jónasdóttir Lesari Ólafur Haraldsson. (Einnig útvarpað kl. 21.00 næsta mánudag.)
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón Anna Ingólfsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.05 **Í dagsins önn.** Umsjón Anna M. Sigurðardóttir.
13.35 **Miðdegissagan:** Myndir af Fidelmann eftir Bernard Malamud. Ingunn Ásdísardóttir les þýðingu sína (4).
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Ljúflingslög.** Svanhildur Jakobsdóttir kynnir. (Einnig útvarpað aðfaranótt miðvikudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Hvert stefnir íslenska velferðarríkið?** Fjórði þáttur af fimm um lífskjör á Íslandi. Umsjón Einar Kristjánsson. (Endurtekinn þáttur frá miðvikudagskvöldi.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin. Dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Létt grín og gaman. Umsjón Kristín Helgadóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Bizet, Grieg og Tsjajkovskij.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpi aðfaranótt mánudags kl. 4.40) Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Kviksjá.** Umsjón Ragnheiður Gyða Jónsdóttir og Þorgeir Ólafsson.
20.00 **Litli barnatíminn:** Júlíus Blom veit sínu viti eftir Bo Carpelan. Gunnar Stefánsson les þýðingu sína (19). (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Blásaratónlist.** – Konsert op.26 fyrir altsaxófón og píanó eftir Paul Creston. Cecil Leeson leikur á saxófón og Wini Vogel á píanó. – Blásarakvintett eftir Keith Jarrett. The American Brass kvintett leikur.
21.00 **Sumarvaka.** a. Þú spyrð mig um haustið. Haustljóð og lög íslenskra höfunda. b. Tónlist c. Nöfn Borgfirðinga 1703–1845 Gísli Jónsson cand.mag. flytur erindi. Umsjón Gunnar Stefánsson.
22.00 **Fréttir.**
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.30 **Danslög.**
23.00 **Kvöldskuggar.** Þáttur í umsjá Jónasar Jónassonar.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Samhljómur.** Umsjón Anna Ingólfsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
01.00 **Veðurfregnir.**
01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## Rás 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið:** Vaknið til lífsins! Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, veðurfregnir kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
9.03 **Morgunsyrpa.** Eva Ásrún Albertsdóttir. Neytendahorn kl. 10.05. Afmæliskveðjur kl. 10.30. Þarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03. Gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Gesti Einari Jónassyni sem leikur þrautreynda gullaldartónlist.
14.03 **Milli mála.** Árni Magnússon á útkíkki og leikur nýju lögin. Hagyrðingur dagsins rétt fyrir þrjú og Veiðihornið rétt fyrir fjögur.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Sigurður Þór Salvarsson, Guðrún Gunnarsdóttir, Þorsteinn J. Vilhjálmsson og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Arthúr Björgvin Bollason talar frá Bæjaralandi. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
18.03 **Þjóðarsálin,** þjóðfundur í beinni útsendingu, sími 91-38 500.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Í fjósinu.** Bandarískir sveitasöngvar.
21.30 **Kvöldtónar.**
22.07 **Síbyljan.** Sjóðheitt dúndurpopp beint í græjurnar. (Endurtekinn frá laugardegi.)
00.10 **Snúningur.** Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir ber kveðjur milli hlustenda og leikur óskalög.
02.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

**NÆTURÚTVARP**

02.00 **Fréttir.**
02.05 **Rokk og nýbylgja.** Skúli Helgason kynnir. (Endurtekið frá mánudagskvöldi.)
03.00 **Næturrokk.** Fréttir kl. 4.00.
04.30 **Veðurfregnir.**
04.35 **Næturnótur.**
05.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
05.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
06.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
06.01 **Á frívaktinni.** Þóra Marteinsdóttir kynnir óskalög sjómanna. (Endurtekinn þáttur frá mánudegi á rás 1.)
07.00 **Morgunpopp.** Svæðisútvarp Norðurlands kl. 8.10–8.30 og 18.03–19.00. Svæðisútvarp Austurlands kl. 18.03–19.00

## FM 98.9 BYLGJAN

7.00 **Páll Þorsteinsson.** Stírurnar þurrkaðar úr augunum og gluggað í landsmálablöðin og gömlu slagararnir spilaðir.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Lætur daginn líða fljótt með góðri tónlist, það er nú einu sinni föstudagur í dag.
14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Tónlist, afmæliskveðjur og óskalög.
19.00 **Hafþór Freyr Sigmundsson.** Kominn í dansdressið og hitar upp fyrir kvöldið.
20.00 **Íslenski listinn.** Stjórnandi: Pétur Steinn Guðmundsson.
22.00 **Haraldur Gíslason.** Óskalög og kveðjur í síma **61-11-11.**
3.00 **Næturvakt Bylgjunnar.**
**Fréttir á Bylgjunni kl. 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16, 17 og 18.**

## Stjarnan FM 102,2 & 104

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson.** Fjallað er um menn og málefni líðandi stundar, bæði í alvarlegum jafnt sem gamansömum dúr. Stjörnuskot kl. 9.
9.00 **Gunnlaugur Helgason** syngjandi skemmtilegur á morgnana. Getraunir, hádegisverðarpotturinn alltaf á sínum stað Alltaf á vakt. Stjörnuskot kl. 11 og 13.
14.00 **Margrét Hrafnsdóttir.** Allir að komast í helgarstuð og tónlistin valin í samræmi við það. Stjörnuskáldið á sínum stað. Eftir sex geta hlustendur tjáð sig um hvað sem er í 30 sekúndur. Síminn er sem fyrr **681900. Stjörnuskot kl. 15 og 17.**
19.00 **Snorri Sturluson.** Það kostar ekkert að hlusta á Snorra sem er kominn í stuð.
22.00 **Haraldur Gíslason.** Það er ekkert sem stöðvar Halla þegar hann er kominn á stað, óskalög og kveðjur.
3.00 **Næturvakt Stjörnunnar.**

## ÚTRÁS FM 104,8

16.00 **Kvennó.**
18.00 **MH.**
20.00 **FG.**
22.00 **MR.**
24.00 **Næturvakt í umsjón Kvennó.** Óskalög & kveðjur, sími 680288.
4.00 **Dagskrárlok.**

## EFFEMM 95,7

7.00 **Hörður Arnarson.**
9.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
11.00 **Steingrímur Ólafsson.**
13.00 **Hörður Arnarson.**
15.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
17.00 **Steingrímur Ólafsson.**
19.00 **Anna Þorláks.**
22.00 **Þorsteinn Högni Gunnarsson.**
1.00 **Sigurður Ragnarsson.**
3.00 **Nökkvi Svavarsson.**

## Rót ÚTVARP FM 106,8

**Íslensk tónlistarvika á útvarpi Rót.** Öll tónlist, sem flutt verður í dag, er eftir íslensk tónskáld eða með íslenskum flytjendum.
9.00 **Tónsprotinn.** Leikin tónlist eftir íslensk tónskáld og með íslenskum hljóðfæraleikurum, kórum og einsöngvurum. Gestur þáttarins er Jónas Ingimundarson píanóleikari. Umsjón: Soffía Sigurðardóttir og Þóroddur Bjarnason.
10.30 **Í þá gömlu góðu daga.** Íslenskar dægurlagaperlur fyrri ára leiknar og rætt við tónlistarmenn. Gestur þáttarins er Haukur Morthens. Umsjón: Soffía Sigurðardóttir og Þóroddur Bjarnason.
12.00 **Tónafljót.** Leikin blönduð íslensk tónlist.
13.00 **Klakapopp.** Dægurlagatónlist síðari ára leikin og spjallað við tónlistarmenn. Umsjón: Steinar Viktorsson og Kristín Sævarsdóttir.
17.00 **Í upphafi helgar**...með Guðlaugi Júlíussyni.
19.00 **Raunir.** Tónlistarþáttur í umsjá Reynis Smára.
20.00 **Fés.** Unglingaþáttur í umsjá Gullu.
21.00 **Gott bít.** Tónlistarþáttur í umsjá Kidda kanínu og Atóm-Geira.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
24.00 **Næturvakt.**

## SKY One

4.30 **Viðskiptaþáttur.**
5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaefni.
7.30 **The Panel Pot Pourri.** Skemmti- og leikjaþáttur.
9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
9.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
10.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
11.00 **Another World.** Framhaldsflokkur.
11.55 **General Hospital.**
12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
13.45 **Loving.**
14.15 **Young Doctors.** Framhaldsþáttur.
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
17.00 **The New Price is Right.** Getraunaleikur.
17.30 **Sale of the Century.** Getraunaleikur.
18.00 **Black Sheep Squadron.** Spennuflokkur.
19.00 **Riptide.** Spennumyndaflokkur.
20.00 **Hunter.** Spennumyndaflokkur.
21.00 **All American Wrestling.**
22.00 **Fréttir.**
22.30 **The Deadly Earnes Horror Show.** Hryllingsmynd.
24.00 **Poppþáttur.**

## SKY MOVIES

13.00 **Shavage Wild.**
15.00 **Journey BNack to Oz.**
17.00 **Up Against the Odds.**
19.00 **Wild Geese 2.**
21.00 **Night Moves.**
22.35 **Target.**
00.30 **The Hitchhiker.**
01.00 **No Safe Heaven.**
03.00 **Wild Geese 2.**

## EUROSPORT

9.00 **Motor Mobil Sport News.** Fréttatengdur þáttur um kappakstur.
09.30 **Surfer Magazine.** Þáttur um brimbrettaíþrótt.
10.00 **Róður.** Heimsmeistarakeppnin í Bled, Júgóslavíu.
11.00 **Ástralski fótboltinn.**
12.00 **Golf.** Svipmyndir frá Opna breska meistaramótinu í sumar.
13.00 **Golf.** Ryder Cup. Keppni Bandaríkjanna og Evrópu á Belfry golfvellinum í Englandi.
17.00 **Hafnarbolti.** Keppni atvinnumanna í Bandaríkjunum.
18.00 **Masters Showjumping** Keppni í Calgary.
19.00 **Golf.** Ryder Cup. Keppni Bandaríkjanna og Evrópu á Belfry golfvellinum í Englandi.
22.00 **Rugby.** Frá Ástralíu.

## SUPER CHANNEL

13.30 **Off the Wall.** Poppþáttur.
14.30 **On the Air.** Skemmtiþáttur.
16.30 **The Global Chart Show.** Tónlistarþáttur.
17.30 **The Lloyd Bridges Show.**
18.00 **Ferðaþáttur.**
18.25 **Hollywood Insider.**
18.50 **Transmission.**
19.50 **Fréttir og veður.**
20.00 **Poppþáttur.**
21.00 **Tónleikar.**
22.00 **Fréttir, veður og popptónlist.**



**Nútímakonan Amy (Mary Steenburgen) á erfitt með að trúa sögu H.G. Wells (Malcolm McDowell).**

### Stöð 2 kl. 23.50:

# Á tvennum tímum

Á tvennum tímum (Time After Time) er um margt sérstök kvikmynd. Hún flokkast undir vísindaskáldsagn þótt tvær aðalpersónurnar hafi verið til. Þessar tvær persónur eru rithöfundurinn H.G. Wells og kvennamorðinginn alræmdi, Jack the Ripper.

Þegar kvikmyndin hefst er H.G. Wells að sýna nokkrum vinum sínum tímavél sem hann hefur fundið upp. Einn vina hans er læknirinn Stevenson. Lögreglan bankar upp hjá Wells og spyr eftir Stevenson því hann er grunaður um að vera kvennamorðinginn. Stevenson hefur aftur á móti notað tækifærið og skotist inn í framtíðina í tímavélinni. Tímavélin kemur til baka og H.G. Wells á einskis annars úrkosti en að elta uppi morðingjann...

Á tvennum tímum er hin besta skemmtun, spennandi og frumleg. Úrvalsleikararnir Malcolm McDowell, David Warner og Mary Steenburgen leika aðalhlutverkin.

-HK

### Stöð 2 kl. 18.20:

# Sumo-glíma

Þótt ótrúlegt megi virðast eiga þættir sem sýna hina fornu sumo-glímu auknum vinsældum að fagna meðal Vesturlandabúa. Sumo er einstök íþrótt. Þó að hér sé um afbrigði af fjölbragðaglímu að ræða telja Japanir íþróttina einnig list. Í sumo eru reglur sem eru orðnar þúsund ára gamlar og sumar athafnir sumokappanna eru trúarlegar.

Þyng glímukappanna er mikil og er meðalþyngd í kringum 300 kíló. Þrátt fyrir þessa miklu þyngd eru þetta geysivel þjálfaðir íþróttamenn sem auk mikillar líkamsþjálfunar ráða yfir geysimiklum sjálfsaga.

Sumo er elsta sjálfsvarnarlistin og þeir sem stunda hana eru þeir einu sem geta sagt sig vera afkomendur hinna frægu samúræja. Í þjálfun er rakin saga íþróttarinnar, fylgst með keppni og flutt viðtöl við frægustu kappana.

-HK



**Marie-France Pisier leikur tískudrottninguna Coco Chanel í Drottningu tískunnar.**

### Sjónvarp kl. 22.15:

# Drottning tískunnar

Það eru fáir sem ekki hafa heyrt vöruheitið Chanel einhvern tíma nefnt. Þetta er eitt þekktasta nafn tískuheimsins. Vöruheitið Chanel á fatnaði, skartgripum og ilmvötnum er samnefnari fyrir dýra og vandaða vöru.

Allt byrjaði þetta með fæðingu lausaleikskrógans Coco Chanel sem ól barnsaldur sinn á munaðarleysingjahælum í Frakklandi. Í fyrstu ætlaði hún sér að verða söngkona en sá ferill hennar endaði í starfi á saumastofu. Úr þessu lá leið hennar upp á við. Fyrst var hún viðhald milljónara og þannig kynntist hún þörfum kvenna sem eiga næga peninga og notfærði sér það og gjörbreytti tísku þessara ára. Coco Chanel dó 1971 en saga hennar lifir í bókum og í þessari kvikmynd sem sjónvarpsáhorfendur fá að sjá í kvöld.

Franska leikkonan Marie-France Pisier leikur Chanel. Aðrir leikarar eru Rutger Hauer, Karen Black, Brigitte Fossey og Timothy Dalton sem frægur er orðinn sem James Bond.

-HK